

Minn bær, Garðabær

Garðabær hefur um árabíl verið í forystu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í lágri skattheimtu. Huginn hvetur bæjaryfirvöld til að halda áfram á sömu braut og sýna áframhaldandi frumkvæði í fjárhagslegu frelsi einstaklingsins. Vegna góðrar fjármálastjórnar undanfarinna ára telur Huginn að nú sé tækifæri til að stíga næstu skref í þessum efnum.

Fasteignaskattur í Garðabæ er með því lágsta sem gerist á landsvísu. Huginn telur að enn lengra megi ganga og eðlilegt sé að stefnt verði að afnámi fasteignaskatts enda um eignaupptöku að ræða. Eðlilegra er að þessir fjármunir komi til með annars konar skattheimtu, svo sem útsvari, geti bæjarfélagið ekki orðið af þeim tekjum sem afnámið fæli í sér. Huginn vill sérstaklega vekja athygli á þeirri ótvíræðu hagsbót sem þetta felur í sér fyrir ungt fólk að taka sín fyrstu skref í húsnæðismálum.

Huginn lýsir yfir ánægju með að Garðabær hafi ekki stigið á braut hins svokallaða gjaldfrjálsa leikskóla. Kostnaður vegna gjaldfrjáls leikskóla kæmi fram í formi skattahækkana, þar er því um rangnefni að ræða.

Huginn skorar á bæjaryfirvöld að ganga út úr samstarfi sveitarfélaga við Strætó bs. Strætókerfið í núverandi mynd hentar ekki hagsmunum bæjarbúa. Huginn telur einkaaðila best til þess fallna að mæta samgöngubörfum bæjarbúa.

Huginn skorar á bæjaryfirvöld að fylgja fordæmi Reykjanesbæjar með einkarekstur áhaldahúss bæjarins. Þar hafa sparast umtalsverðir fjármunir og þjónustan batnað.

Huginn fordæmir þá ákvörðun bæjaryfirvalda að veita trúfélagi aðstöðu í grunnskólum bæjarins, Bæjaryfirvöldum ber að virða trúfrelsi einstaklinga og gæta hlutleysis í skólastarfi.

Huginn ítrekar afstöðu sína til fækkunar nefnda og ráða bæjarins og vísar til fyrri ályktunar stjórnar þess efnis.